

Eineltisáætlun Bjarkatúns

Markmið áætlunar:

- Að allir starfsmenn séu meðvitaðir um einelti í allri sinni mynd
- Þekki einkenni og geti brugðist við þeim
- Að góð samskipti séu milli allra og allir séu meðvitaðir um það

Stefna skólans

Í Bjarkatúni líðum við ekki einelti af nokkru tagi. Hvorki meðal starfsfólks né barnanna. Þegar grunur leikur á um einelti meðal barnanna er strax farið að vinna með börnin sérstaklega til að fyrirbyggja að einelti nái fótfestu og vaxi og dafni meðal barnanna.

Leikskólinn byggir allt starf sitt á vináttu, virðingu og jákvæðni meðal barnanna, alla daga alltaf.

Starfsfólk skal vera meðvitað um að ekki er liðið einelti meðal þeirra og varast að ýta undir meðal hinna starfsmanna. Þannig á starfsfólk að koma í veg fyrir að aðstæður skapist þannig að einelti geti átt sér stað og vinna gegn því. Allt baktal, niðrandi ummæli og neikvæðni í garð annars starfsmann skal strax kæfa í fæðingu en ekki taka undir það og ýta þar af leiðandi undir einelti gegn einum starfsmanni.

Til að sporna við einelti er mikilvægt að:

- Vinna með samskipti, vináttu, félagsþroska, samkennd, samhygð og að setja sig í spor annarra
- Styrkja einstaklinginn og byggja hann upp fyrir framtíðina
- Skoða aðstæður í leikskólanum með tilliti til eineltis

Markmið Bjarkatúns í starfi

- Að börnin læri að taka tillit til annarra
- Að börnin skilji að tilfinningar annarra skipti máli
- Að börnin læri að finna til með öðrum
- Að börnin leysa vandamál í sameiningu
- Að börnin læra að vinna saman
- Að börnin komi fram við aðra eins og þau vilji að komið sé fram við þau
- Að börnin viti að það sé ljótt að stríða, skilja út undan og uppnefna aðra

Hvað er einelti?

Einelti er langvarandi ofbeldi, andlegt eða líkamlegt sem stýrt er af einstaklingi eða hóp og beinist að einstaklingi eða jafnvel einstaklingum sem ekki eru færir um að verja sig. Stríðni, átök og einstakur ágreiningur milli jafningja telst ekki til eineltis. Einelti getur birst í ýmsum myndum en algengast er að flokka það í tvo flokka, líkamlegt og andlegt.

Allir eiga það á hættu að tengjast einhvern tíma einelti á einn eða annan hátt, sem þolendur, gerendur eða áhorfendur. Verði starfsmaður vitni að einelti ber honum að bregðast við því, með því að veita allar þær upplýsingar sem fyrir hendi eru til rétttra aðila svo hægt sé að taka sem fyrst á málinu. Starfsmenn eru allir ábyrgir varðandi greiningu og lausn eineltismála. Leikskólastjóri er alltaf ábyrgur fyrir þeirri vinnu sem fer í gang varðandi einelti. Starfsmenn eiga að vera jákvæðar fyrirmyndir, vanda orð sín og athafnir og bera virðingu fyrir tilfinningum og sérkennum annarra

Einelti getur átt sér stað á milli:

- Starfsmaður/starfsmaður
- Barn/starfsmaður
- Starfsmaður/barn
- Barn/barn

Birtingarform eineltis:

- Líkamlegt: barsmíðar, spörk, hrindingar, skemmdarverk, misnotkun ofl.
- Munnlegt: uppnefni, niðrandi athugasemdir, endurtekin stríðni ofl
- Óbeint: baktal, útskúfun eða útilokun úr félagahópi ofl.

Er einelti hér?

Í hverjum mánuði gerir deildarstjóri athugun á ferli barnanna þar sem hann fylgist með barnahópnum við mismunandi aðstæður, í frjálsum leik, samverustund, hópastarfi, í útiveru, í fataklefanum og á klósettinu. Hann fer yfir skráningar sem gerðar eru í starfi með börnunum af hópstjórum deildarinnar. Þetta gerir hann eins oft og hann telur að þurfi. Ef grunur kemur upp vegna einhvers barns eða barna kemur hann því áleiðis við leiðbeinendur deildarinnar til að fylgjast nánar með barni/börnum.

Starfsmönnum ber að fylgjast með því hvort einelti sé í gangi eða sé undirliggjandi bæði meðal starfsfólks og barna og láta vita af því um leið og

grunur kemur upp um einelti. Til að byrja með er einelti trúnaðarmáli innan leikskólans. Foreldrar barna sem lögð eru í einelti eru alltaf látin vita og foreldrahópurinn að upp hefur komið grunur um einelti í barnahópnum.

Hvernig gerum við það:

Í Bjarkatúni notum við nokkrar aðferðir til að vinna gegn einelti og til að fyrirbyggja einelti eigi sér stað. Aðferðirnar sem við notum eru Lífsleikniefnið um Dygðirnar, leikræn tjáning, hlutverkaleikur og lífsleiknisögur. Börn á leikskólaaldri læra í gegnum leik og upplifanir sem þau gana sjálf í gegn um. Því er leikræn tjáning og hlutverkaleikur góð aðferð til að fá börn á leikskólaaldri til að vera meðvituð um gerðir sínar og virða tilfinningar annarra.

Á hverjum degi er samverustund með börnunum á báðum deildum þar sem sagðar eru sögur, bækur lesnar eða málin rædd saman. Þessi stund er notuð til að kenna börnum þessa þætti. Í hópastarfi er hægt að fara í leiki með hópinn þar sem hægt er að nýta leikræna tjáningu og hlutverkaleik til að dýpka skilning nemanda á einelti og afleiðingum þess. Í leikrænni tjáningu fá nemendurnir tækifæri til að skoða eigin hegðun og viðhorf til eineltis og geta æft rétt viðbrögð við vandanum.

Leikræn tjáning

Leiklist er ein af mörgum góðum kennsluáðferðum. Hún hjálpar nemendum til þess að setja sig í spor annarra, eflir sjálfstraust og sjálfstæðar ákvarðanatökur og síðast en ekki síst eiga þeir nemendur sem eiga erfitt með bóklegt nám möguleika á að nóta sín. Leiklist er hópvinna, nemendur vinna saman í hópum og því þjálfar hún samskiptahæfni nemenda.

Bækur

Bókmenntir eru áhrifaríkur miðil sem getur veitt nemendum á öllum aldri innsýn í reynsluheim og tilfinningar tengdar einelti. Á sama hátt og leikræn tjáning veita bókmenntir, skapandi skrif og umræður nemendum tækifæri til að öðlast dýpri skilning á sjálfum sér og eigin viðbrögðum í mismunandi samhengi með mismunandi fólki. Í gegnum sögurnar læra nemendur meira um eðli vandans og læra að þekkja hvað það er sem fær sögupersónurnar til þess að leggja aðra í einelti. Nemendur öðlast betri skilning á afleiðingum eineltis og í gegnum sögupersónurnar glíma þeir við þau félagslegu og tilfinningalegu vandamál sem allir þeir sem lenda í eineltisaðstæðum á einhvern hátt þurfa að fást við. (Sharp, Smith og Sonia 2000:57).

Leikskólakennarar hafa það umfram grunnskólakennara að vera með fámennari hópa og geta þannig betur fylgst með og fylgt eftir hverjum einstaklingi. Eins og þegar búið er að lesa bók sem dæmi um Litla ljóta andarungann þá getur leikskólakennarinn unnið mikið með hópinn sinn og farið mjög náið ofan í sögupráðinn og unnið með söguna sem dæmi í hópastarfi. Það er oft auðveldara að styrkja ung börn sem eru enn í mótun, þannig er best að koma inní þann þátt forvarna að styrkja sjálfsmynd og sjálfstraust barnanna þegar þau eru yngri.

Dæmi um bækur:

Bókin um Ýmu tröllastelpu

Franklín eignast vin

Óskar verður æfur

Gott getur verið að nota loðtöflusögur og hljóðdiska.

Hlutverkaleikir

Hlutverkaleikir ganga út á það að fara í annað hlutverk en vanaleg eru. Í leikskóla er mikið unnið í gegnum hlutverkaleikinn en þá fá börn tækifæri til að vinna úr tilfinningum sínum og upplifunum með leiknum. Eftir að nemendur hafa tekið þátt í hlutverkaleikjum þar sem þeir hafa verið í hlutverkum þolenda, gerenda og/eða áhorfenda er mikilvægt að tekinn sé tími í að fara út úr hlutverkinu. Kennarinn getur t.d. beðið hópinn að setjast í hring og hver og einn segir sitt rétta nafn og eina setningu um sjálfan sig

Í hlutverkaleikjum læra börnin að þekkja sínar eigin tilfinningar sem og að virða annarra, einnig læra þau að taka tillit til annarra og eiga samskipti hvort við annað.

Dæmi um verkefni:

● Litla ljót

● Ávaxtakarfan

Síðan er umræða um hvort það megi láta svona, hvort það megi uppnefna, stríða þó svo að einhver eigi ekki fín föt?

Hugmyndir að fyrirbyggjandi vinnu með börnum:

- Gera athuganir um samskipti.
- Kortleggja aðstæður í leikskólanum, hver eru "gráu svæðin"?
- Kanna líðan barnanna
- Skoða félagsleg tengsl í barnahópnum. Eiga öll börn vini í leikskólanum?
- Styrkja sjálfsmynd barnanna, æfa þau í samskiptum, að tjá tilfinningar sínar og að setja sig í spor annarra.

- Börnin eru þátttakendur í að búa til samskiptareglur og skilgreina hvað þær þýða, hlutverk þeirra og gildi.
- Lífsleikninám - þar sem að unnið er með lífsgildi, dyggðir og samlíðun.
- Vinna með virðingu, samkennd og tilfinningar
- Börn þurfa að fá tækifæri til að tjá tilfinningar sínar og fá viðurkenningu frá hinum fullorðna um að það sé eðlilegt að ræða þær.
-

Verklagsreglur:

Einangruð atvik sem ekki hafa valdið líkamlegum áverka, atvik sem koma fyrir

1. Leiðbeinendur láta deildarstjóra vita um leið og þeir hafa grun um að einelti eigi sér stað meðal barnanna
2. Deildarstjórinn lætur leikskólastjóra vita
3. Byrjað er að vinna með barnið/börnin strax þar sem notaðar eru þær aðferðir sem leikskólinn leggur til
4. Deildarstjóri ræðir við þolendur og gerendur einn og einn í einu og leggur mat á næsta skref
5. Deildarstjóri og leikskólastjóri hafa samráð um hvaða leið sé best að fara í að vinna með deildina alla, hópinn sem heild og þolendur og gerendur.
6. Ef ástæða þykir þá kallar deildarstjóri foreldra allra barnanna í viðtöl þar sem hann og leikskólastjóri greina frá vandanum sem upp er kominn þannig að foreldrar geti brugðist við heima fyrir.

Í viðtölum við foreldra er farið yfir stöðuna, hvað leikskólinn sé að gera og hvernig foreldrar geti unnið með börn sín heima fyrir.

Lagt er mat á stöðuna eftir mánuð og foreldrum gerð grein fyrir því hvernig málin standa með tölvupósti eða léttu spjalli þegar barn er sótt á leikskólann.

Þó svo að einelti sé ekki til staðar er nauðsynlegt að vinna reglulega með verkefni sem fyrirbyggjandi aðgerð.

Verum vakandi, verum meðvituð og látum einelti ekki viðgangast í okkar skóla

Starfsmenn

Einelti er brot á starfsskyldum og óásættanleg hegðun inn á vinnustað. Einelti er ekki liðið í Bjarkatúni og ber starfsmönnum að:

- koma fram af virðingu og kurteisi hvort heldur sem er við aðra starfsmenn, foreldra eða börn
- Allt baktal er ekki liðið og skulu starfsmenn passa sig á að taka ekki undir hjá öðrum neikvæð orð í garð samstarfsmanna sinna, foreldra eða barna.
- Ef óánægja kemur upp meðal starfsmanna skulu starfsmenn setjast niður í rólegheitum og ræða ágreininginn í stað þess að láta hann gerjast og valda meiri óánægju og vanlíðan.
- Starfsmenn skulu sinna sínu starfi og passa upp á sinn kaffitíma og sína fjarveru en ekki vera að velta vöngum yfir starfi annarra, kaffitíma eða fjarveru.
- Starfsmönnum ber að taka tillit til náungans og vera meðvitaður um að orð geta sært. Aðgát skal höfð í nærveru sálar.

Hvernig birtist einelti meðal starfsmanna?

Misnotkun valds/ofstjórnun
Óréttmæt starfstengd gagnrýni
Meiðandi sögusögnum er komið af stað
Starfsmaður er lítillækkaður, útilokaður eða tekinn fyrir
Starfsmaður fær hótanir sem beinast gegn starfsöryggi hans
Starfsmaður er beittur líkamlegu ofbeldi

Hugmyndir að fyrirbyggjandi vinnu með starfsmönnum:

- Einn starfsmannafundur á ári tileinkaður samskiptum / einelti þar sem samskiptastefna og eineltisáætlun er yfirfarin og endurskoðuð.
- Markviss fræðsla um einelti og samskipti t.d. í símenntunaráætlun.
- Umræður og fræðsla um samskipti þurfa að vera stöðugt í brennidepli.
- Gera athuganir um samskipti.
- Kortleggja aðstæður í leikskólanum, hver eru "gráu svæðin"?
- Vinna með virðingu, samkennd og tilfinningar.

Að taka á kvörtunum um einelti

Farið er vandlega yfir málið og upplýsa atvik þess eftir bestu getu
Fara fyrir málið í ró og næði með starfsmanninum sem kvartar
Rætt er við meintan geranda sem og aðra sem geta veitt upplýsingar um málið, t.d. samstarfsmenn
Passa skal að draga ekki fleiri inn í málið en nauðsynlegt er. Rétt er að ræða við einn aðila í senn

Upplýsingar úr viðtölum og aðrar upplýsingar sem fengnar eru munnlega ber að skrá

Starfsmaður sem verður uppvís að einelti getur fengið áminningu í starfi, breytingu á starfi eða fyrirvaralausri brottvikningu

Allar ásakanir um einelti eru skoðaðar.

Sáttaumleitun

Pegar um atvik sem hafa verið upplýst eða þar sem vafi leikur á réttmæti ásakanna er mikilvægt að leita sátta. Gott getur verið að fá utanaðkomandi ráðgjafa til að stýra slíkum sáttafundi.

Fyllsta trúnaðar skal gætt við meðferð allra eineltismála

Leikskólinn Bjarkatún
Guðrún S Sigurðardóttir
leikskólastjóri